

Föstudaginn 11. marz 1955.

Nr. 119/1953. **Gunnar S. Hafdal** (Ragnar Jónsson)

gegn

**Bæjarstjórn Akureyrar f. h. Eftirlaunasjóðs
bæjarins** (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um rétt bæjarstarfsmanns til eftirlauna.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. ágúst 1953 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að dæmdur verði gildur réttur hans til eftirlauna úr Eftirlaunasjóði Akureyrar frá 1. október 1948 fyrir innheimtustarfa þann, sem hann lét af 1. maí 1945, og að honum sé dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara*, að eftirlaun áfrýjanda verði ákveðin samkvæmt 17. gr., 2. mgr., reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrar og málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest. Stefndi krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur verið lagt fram læknisvottorð dr. Bjarna Jónssonar, sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, og segir í því:

„P. 18. 9. 1953 skoðaði ég Gunnar S. Hafdal frá Sörlungu í Hörgárdal, f. 15. 10. 1901.

Hann segist hafa verið fótaveikur lengi, telur, að árið 1938 hafi hann farið að fá verki í iljar og ökla, og hafi verka lagt upp í hnésbætur og læri, hafi hann stundum þurft að liggja rúmfastur vegna verkjanna í nokkra daga, og hafi hann oft ekki getað stigið reiðhjól vegna eymsla í fótum. Hann segist oft hafa haft verki í mjóbaki eftir göngur.

Hann segist hafa fengizt við innheimtustörf á Akureyri,

en orðið að hætta þeim árið 1945 vegna fótaverkja. Hann segist þá hafa tekið til við landbúnað, með því hann hafi ekki treyst sér til við störf, sem útheimtu göngur eða stöður á hörðum götum. Við búskapinn segist hann geta ráðið sínum háttum og þar sé mýkra undir fæti, en ekki geti hann gengið að verkum til jafns við fríska menn. Hann segist t. d. ekki geta staðið við slátt lengur en tvær til þrjár klukkustundir í senn, en eftir nokkra hvíld geti hann tekið til við orfið aftur stundarkorn. Hann segist hafa gengið nokkuð um götur Reykjavíkur í dag, enda sé hann kominn að þrotum.

Sjúklingur er meðalmaður á hæð, í meðalholdum, útlit svarar til aldurs.

Hann gengur dálítið álútur, skortir nokkurt fjaðurmagn í gangi, spurnir lítið frá tábergi, en tekur fót upp af nærri flatrí il, en er ekki haltur.

Berfættur gengur hann haltur á báðum fótum, stígur niður á jarka og segist ekki geta gengið annan veg vegna eymsla, þegar ekki nýtur stuðnings af skófatnaði.

Báðir fætur eru flatir, framleistar vita nokkuð út á við, en bátbein ganga dálítið inn. Hælbein hallast út á við um 8° (valgitet). Sköflungar eru sveigðir út rétt ofan ökla, og skagar innri ökli (malleolus medialis) inn á við á báðum fótum. Stóru tær vita út á við á báðum fótum (hallux valgus), sú vinstri 20° , en sú hægri 25° . Lítil hreyfing er í grunnlið beggja stóru tæa, en engin bakfetta á hægri stórutá, en fáeinar gráður á þeirri vinstri, ilbeygja er 10° á báðum tæm.

Hreyfingar í öklum:

Hjarahreyfing H. $120^\circ/80^\circ$ V. $115^\circ/85^\circ$.

Hverfihreyfingar eru sem næst helmingur af því, sem eðlilegt væri, og þó heldur minni á vinstri fæti. Þetta er það, sem hægt er að hreyfa fætur (passívt), sjálfur hreyfir hann minna (actívt).

Kálfar eru grannir.

Góður sláttur er í ristarslagæð (arteria dorsalis pedis) og sæmilegur í öklaslagæð (arteria malleolaris tibialis posterior) á báðum fótum og ekki finnanlegur munur á fótunum.

Röntgenskoðun í Landakotsspítala þ. 18. 9. 1953:

„Svæði: Báðir öklar og framleistar. Báðir ristarbogar gengnir niður, þannig að fætarnir eru áberandi flatir. Þá er einnig nokkurt valgitet á báðum fótum, þannig að os naviculare og cuneiforme I. eru nokkuð prominandi mediant. Sjúkl. hefur þannig typískt ilsig. Lítið eitt vottar fyrir hvössum liðbrúnum í artic. pedis (talo-cruralis) beggja megin. Þá sést einnig nokkur arthrosis í artic. metatarso-falangea I. beggja megin og á interfalangeal-liðum stóru tanna. Dálítil deformatio og holumyndun ásamt sclerisis sést í liðhöfðum þessara liða. Dálítil valgusstaða er á stóru tám.

R. diag.: Pedes plano-valgi
Arthrosis artic-talo-cruralis
et hallucis. bilat.

Ól. Jóh.“

Hér er um að ræða mann nærri 52 ára með mikið ilsig á báðum fótum, stirðleika í stóru tám og hindraðar hreyfingar í öklum og ristarliðum. Ilsig þetta er án efa gamalt, en hvenær það hefur farið að valda sjl. óþægindum, verður ekki ráðið af öðru en sögusögn hans. Eins og nú er komið fótunum, þarf hann að velja sér störf við þeirra hæfi og væri væntanlega bezt kominn við setuvinnu. Ég tel, að miklar göngur eða stöður væru honum um megn og því erfiðari, sem harðara væri undir fæti. Óþægindi af kvillum sem þessum aukast að jafnaði með hækkingu aldri“.

Með úrskurði Hæstaréttar 12. október 1954 var aðiljum veittur kostur á að leggja fyrir Læknaráð vottorð Jóns Geirssonar lækni, dags. 12. janúar 1945, með árituðu samþykki héraðslækni Jóhanns Þorkelssonar, dags. 5. nóvember 1945, en vottorð þessi eru rakin í héraðsdómi, vottorð Jóns Geirssonar lækni, dags. 27. febrúar 1946, sem einnig er rakið í héraðsdómi, og loks vottorð dr. Bjarna Jónssonar, það sem að framan greinir. Umsagnar Læknaráðs hefur nú verið um það beiðzt, hvort ráða megi af framangreindum lækni-vottorðum, að áfrýjandi hafi, er hann lét af störfum 1. maí 1945:

1) verið haldinn svo varanlegri fótaveiki, að honum hafi verið um megn að gegna innheimtustörfum með þeim göng-

um, sem ætla má, að slíku starfi séu samfara, og

2) hvort ætla megi, að ráðin verði bót á fótameini hans, þannig að hann verði fær um að stunda áðurgreind störf.

Læknaráð hefur hinn 26. nóvember 1954 staðfest eftirfarandi ályktun Réttarmáladeildar ráðsins:

Um 1) Læknaráð telur, að ráða megi af framlögðum gögnum, að áfrýjandi hafi, er hann lét af störfum 1945, verið haldinn varanlegri fótaveiki á því stigi, að honum hafi verið mjög erfitt að gegna innheimtustörfum.

Um 2) Læknaráð svarar neitandi spurningu þeirri, er hér greinir.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrar skal starfsmaður, sem lætur af störfum vegna veikinda eða slysa, er að dómj læknis gera hann óhæfan til starfs síns, njóta eftirlauna. Með skírskotun til læknisvottorða þeirra, sem lögð hafa verið fram í málinu, og ályktunar Læknaráðs verður að telja, að áfrýjandi hafi sökum fótaveiki verið óhæfur til að gegna innheimtustarfa sínum, er hann lét af honum, og sé það enn. Ber því að taka kröfur hans í málinu til greina, enda er eigi efni til að sinna varakröfum stefnda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnar S. Hafdal, á rétt til eftirlauna úr Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar frá 1. október 1948 að telja fyrir innheimtustarfa hjá Akureyrarbæ, er hann lét af 1. maí 1945.

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Eftirlaunasjóðs bæjarins, greiði áfrýjanda samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. apríl 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. marz s.l., hefur stefnandi, Gunnar S. Hafdal, bóndi í Sörlatungu, Hörgárdal, höfðað hér fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, útgefinni 30. september 1952, á hendur stjórn Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að hann eigi rétt til eftirlauna úr sjóðnum, kr. 125.00 á mánuði í grunnlaun frá 1. maí 1945 og meðan hann lifir auk vísitöluuppbótar, eins og hún er greidd föstum starfsmönnum bæjarins á hverjum tíma, svo og 6% ársvexti af hverri einstakri eftirlaunagreiðslu frá gjalddaga hennar til greiðsludags.

Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómara.

Í síðara réttarhaldi hefur stefnandi gert þá varakröfu, að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til þess að fá frá 1. október 1948 og árlega eftirleiðis, meðan hann lifir, greiddan úr Eftirlaunasjóði Akureyrar þann mismun, sem á ári hverju kann að koma fram við það að draga atvinnutekjur stefnanda yfir árið frá árslaunum fastráðins innheimtumanns Rafveitu Akureyrar, en þó aldrei hærrí upphæð en 12 mánaða eftirlaun nema samkvæmt aðalkröfu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Til vara er þess krafizt, að verði réttur stefnanda til eftirlauna viðurkenndur, þá verði upphæð þeirra ákveðin í samræmi við 17. gr., 2. mgr., reglugerðar Eftirlaunasjóðsins, þannig að séu tekjur hans af síðara starfinu lægri en laun hans hjá Rafveitunni, verði honum greiddur svo mikill hluti eftirlaunanna, að hann beri jafnt úr bótum og ef hann hefði gegnt fyrra starfi sínu áfram, þó verði aldrei greitt meira en eftirlaununum nemi.

Í sambandi við varakröfuna er eftirlaunakröfum fyrir tímabilið 1. maí 1945 til 1. október 1948 mótmælt sem fyrndum, sbr. lög nr. 14/1905, 3. gr., 2. tl., og algerrar sýknu að því leyti. Hefur stefnandi viðurkennt þá fyrningu lögmæta.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum.

Hann kveðst hafa ráðizt innheimtumaður til Rafveitu Akureyrar sumarið 1934. Gegndi hann því starfi til 30. apríl 1945. Hinn 3. febrúar 1945 skrifað hann bæjarstjóranum á Akureyri bréf, þar sem hann kveðst tilkynna rafveitunefnd, að hann segi upp starfi sínu hjá Rafveitu Akureyrar frá 1. maí það sama ár að telja. Í bréfi þessu tekur hann fram, að með hliðsjón af samtali sínu við rafveitustjóra um það, að hann hefði starf framvegis hjá Rafveitunni í Glæsibæjarhreppi, þyki sér hlýða að taka það fram, að af ýmsum ástæðum sjái hann sér ekki fært að takast það starf á hendur.

Hinn 7. apríl sama ár ritar stefnandi bæjarstjóranum bréf, þar sem hann sækir um eftirlaun frá 1. maí 1945 að telja, og skírskotar þar til 14. og 16. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar. Í bréfi þessu segir hann, að fótabilun hafi orðið þess valdandi, að hann tók þá ákvörðun að segja starfi sínu lausu, og frá því um haustið og fram til þess dags hafi hann orðið að hafa með

sér aðstoðarmann við innheimtuna, er hann varð að greiða taxa-kaup.

Í bréfi þessu tekur stefnandi enn fremur fram, að ef viðkomandi nefnd eða nefndir bæjarstjórnarinnar, sem um þetta mál fjalli, sjái sér einhverra hluta vegna ekki fært að mæla með því, að sér verði veitt árleg eftirlaun, en gætu hins vegar fellt sig við, að sér yrði í þess stað veitt viðunandi fjárhæð í eitt skipti fyrir öll, mundi hann eftir atvikum geta sætt sig við þá niðurstöðu málsins.

Bréfi þessu fylgdi vottorð frá Jóni Geirssyni, heimilislækni stefnanda, dags. 12. janúar 1945, en þar segir svo:

„Gunnar Hafdal hefur pedes plani m. gr. og er vart að verða göngufær. Hann þarf nauðsynlega til sérfræðings í Rvík og fá event. operatio.“

Á fundi 3. maí 1945 tekur stjórn Eftirlaunasjóðsins þetta erindi stefnanda til meðferðar.

Segir svo í fundargerðarbókun:

„Hafdal sagði upp starfi sínu við rafveituna 3. febr. s.l. án þess að geta nokkuð um veikindi. Sjóðsstjórnin getur því ekki tekið þessa beiðni til greina, nema fyrir liggi vottorð frá héraðslækni eða tryggingalækni ríkisins um, að Hafdal hafi orðið að láta af störfum vegna veikinda, sem líkur séu til, að verði langvarandi.“

Stefnandi ritar bæjarstjórninni enn á ný 11. nóvember 1945 og ítrekar þar fyrri kröfur sínar um eftirlaun. Heldur hann því þar fram, að meiri hluta sjóðsstjórnarinnar hafi verið vel kunnugt um, að ástæðan fyrir uppsögn sinni hafi verið fótabilun — eða ólækna-ndi sjúkleiki, eins og hann orðar það, og sérstaklega hafi rafveitustjóra verið kunnugt um það, því að hann hafi m. a. lofað að taka þetta atriði skýrt fram, þegar bréf hans kæmi fyrir stjórnina. Kveðst hann hafa litið svo á, að óhætt væri að treysta því.

Rafveitustjórnin hefur komið fyrir rétt í tilefni af þessari staðhæfingu stefnanda, en kveðst ekki muna nú, hvernig þetta var.

Þá vitnar stefnandi til þess, að í reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar sé ekkert minnzt á, að læknavottorð þurfi að koma frá héraðslækni eða tryggingalækni, þar sé aðeins nefndur læknir. Hafi hann því talið eðlilegast að fá vottorðið frá heimilislækni sínum. Heldur hann því fram, að stjórn Eftirlaunasjóðs sé ekki þeim vanda vaxin að vefengja vottorð frá jafnvalinkunnum lækni og Jón Geirsson sé. Hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu að fá samþykki héraðslæknis á vottorðið, og lætur hann því fylgja bréfinu umrætt vottorð með uppáskrift Jóhanns Þorkelssonar héraðslæknis.

Hinn 28. febrúar 1946 tekur stjórn Eftirlaunasjóðs þetta erindi stefnanda til meðferðar.

Segir svo í fundargerðarbókun:

„Vottorð þetta telur nefndin ekki fullnægjandi, þar sem ekki kemur fram í því, hvort um varanlega örorku er að ræða, sem gerir hann óvinnufæran til starfsins. Frestað var að taka ákvörðun um

eftirlaun handa Hafdal, þar til fullnægjandi örorkuvottorð liggur fyrir, og vill nefndin jafnframt beina því til rafveitustjóra, hvort Rafveitan hafi ekki tók á að gefa Hafdal kost á öðru starfi, er hann geti innt af hendi, þótt hann verði ófær til innheimtustarfa.“

Daginn eftir þenna fund hafði stefnandi aflað sér nýs vottorðs frá Jóni Geirssyni lækni. Þar segir svo:

„Gunnar Hafdal, Hlíðarenda, hefur ilsig (pedes plani) í báðum fótum, og eins og fyrra vottorð mitt ber með sér, taldi ég hann og tel hann enn ófæran um að gegna innheimtustörfum, þar eð þar þarf óvenju mikla göngu (og launin vart það há, að innheimtumaður geti haft einkabifreið). Um lækningu á ilsigi á aldri hans tel ég ekki geta komið til greina.“

Ekki verður séð, að þetta vottorð hafi legið fyrir stjórn Eftirlaunasjóðs á fundi hennar 28. febrúar, og telur stefnandi, að það hafi ekki borizt eftirlaunasjóðsstjórninni í tæka tíð, en frumrit þess vottorðs er í vörzlum sjóðsstjórnarinnar, að sögn stefnanda.

Stefndi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum. Þegar stefnandi sagði upp starfi sínu hjá Rafveitu Akureyrar, tilgreindi hann enga ástæðu til þeirrar ráðabreytni. Í uppsagnarbréfinu hafnar hann tilmælum rafveitustjóra um, að hann hefði með höndum störf fyrir Rafveitu Akureyrar í Glæsibæjarhreppi.

Stefnandi hafi um þessar mundir verið í þann veginn að flytjast búferlum í Glæsibæjarhrepp og hafið búskap á Hlíðarenda, skömmu eftir að hann lét af störfum hjá Rafveitu Akureyrar.

Síðan hafi hann óslitið stundað búskap á ýmsum jörðum í grennd við Akureyri og sé nú bóndi að Sörlatungu í Hörgárdal, svo sem stefna málsins ber með sér. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi ekki hætt störfum hjá Rafveitu Akureyrar vegna veikinda, sem veiti honum rétt til eftirlauna. Hann hafi engan veginn, þrátt fyrir fram komin tilmæli eftirlaunasjóðsstjórnarinnar, fært sönnur á, að hann fullnægi skilyrðum til að taka eftirlaun samkvæmt 14. gr., sbr. 16. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðsins. Læknisvottorð þau, sem hann hafi lagt fram, sanni ekki varanlega vangetu til starfa, og ekkert læknisvottorð liggi fyrir um það, að stefnandi hafi leitað læknisaðgerða, svo sem fyrra læknisvottorð gefur tilefni til, eða um árangurinn af þeim læknisaðgerðum, ef reyndar hafa verið. Stefndi hafi engu sinnt tilmælum Eftirlaunasjóðs um það að afla sér vottorðs héraðslæknis eða tryggingalæknis og sanna þannig vangetu sína til að halda starfinu áfram. Þótt aðeins sé nefndur læknir í 16. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðs, sé það að sjálfsögðu á valdi sjóðsstjórnarinnar að ákveða, hvaða lækni hún taki gildan, enda sé í skyldum lögum, eins og lögum nr. 101 frá 1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, tekið fram, að tryggingalæknir í samráði við landlækni meti örorku.

Þar sem stefnandi hafi vanrækt að verða við þeim kröfum sjóðs-

stjórnarinnar að veita fullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt, hafi hann firrt sig rétti til eftirlauna úr sjóðnum.

Viðurkennt er í málinu, að er stefnandi lét af störfum, hafði hann verið starfsmaður hjá bænum í tæplega 11 ár. Í 16. gr., 1. mgr., reglugerðar um Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar segir svo:

„Láti maður af störfum vegna veikinda eða slysa, sem að dómi læknis gera hann óhæfan til starfs síns, skal hann njóta fullra eftirlauna eftir starfstíma. Hafi hann verið sjóðsfélagi í minna en 10 ár, fær hann í eftirlaun 15% af árslaunum, en annars samkvæmt 14. gr.“

Rétturinn lítur svo á, að þótt svo sé að orði komizt í 16. gr. reglugerðarinnar: „að dómi læknis“, sé það algerlega á valdi sjóðsstjórnarinnar að ákveða, hvaða lækni hún viðurkenni sem trúnaðarmann sinn til að meta þá örorku, sem skapað geti rétt til örorkulífeyris úr sjóðnum.

Þá verður enn fremur að telja það sjálfsagða skyldu hvers sjóðsfélaga, sem gera vill kröfu til örorkulífeyris eða eftirlauna úr sjóðnum, að láta sjóðsstjórninni í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem að dómi hennar eru nauðsynlegar til þess, að hún geti dæmt um rétt hans til eftirlauna úr sjóðnum.

Stefnandi hefur þrátt fyrir framkomin tilmæli Eftirlaunasjóðsstjórnarinnar ekki hirt um að afla þeirra gagna, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar sönnuðu varanlega örorku, sem gerði hann ófæran til starfsins. Með því aðgerðaleyfi hefur stefnandi firrt sig rétti til eftirlauna úr Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, stjórn Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars S. Hafdals, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.